

að fenginni vissu fyrir að þeim verði varið á tjeðan hátt. Skyldi herra amtmaðurinn á sínum tíma vilja mæla fram með, að veittur verði hlutadeigöndum áþekkur styrkur í sama tilgangi fyrir fjárhagsárið 1877, verða að fylgja tillögum yðar um það vottorð um hegðun og framfarir hlutadeiganda í skólanum. Um það sem enn fremur getur hlotnast norður- og austurumdæminu af fjárveitingu þeirri, er hjer er um að ræða, býst jeg við síðar að fá þóknanlegar tillögur yðar.

Að því er snertir beiðni þá frá prestinum að Möðruvallaklaustri, sira Davíð Guðmunds- syni, er fylgdi upphaflegu nefndu brjefi herra amtmannsins, um að yngismanni Jóni Árna- syni á Skútum verði veittur styrkur til siglingar af fje því, er þingið hefir lagt til vísinda- legra og verklegra starfa, og að námi hans verði að öðru leyti hagað svo, að til sem mestra nota megi verða, skal yður, herra amtmaður, tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birting- ar, að bendingar þær, sem beiðni þessi hefir inni að halda, um gáfur nefnds Jóns Árna- sonar og tilgang ferðar þeirrar, er hann ráðgjörir, eru svo óákvednar, að jeg að svo stöðdu sje mjer ekki fært að veita styrk þann, er um hefir verið beiðt; en jeg skal skjóta því til yðar, herra amtmaður, hvort nægileg ástæða muni vera til síðar að mæla fram með að hann fái styrk af fje því, sem ætlað er norður og austurumdæminu af upphæð þeirri, sem veitt er með 10. gr. C. 5., og verður þá að vera gjört út um það, hvar og hvernig hann eigi að leita sjer menntunar þeirrar, er hann vantar, og ætli þar að auki hann sjálfur eða þeir, sem vilja hjálpa honum til þess, að hafa útvegað honum fje það, sem hann mun með þurfa til ferðarinnar, auk styrks þess úr landssjóði, er beiðt hefir verið um.

### Umburðarbrjef

*til bæjarfógeta, sýslumanna og umbodsmanna um*

*gjaldheimtur og reikningsskil.*

— Með því að sumir reikningshaldarar hafa ekki breytt nákvæmlega eptir fyrirmælum reglugjörðarinnar frá 13. febrúar 1873 um opiuber reikningsskil og gjald- heimtur hefir mjer fundizt ástæða til að leggja ríkt á um að gæta fyrirmæla nefndrar reglugjörðar í heild sinni og auk þess sjerstaklega skipa fyrir eins og hjer segir:

1. Semja skal reikningana með tilheyrandi skilagreinum fyrir lok febrúarmánaðar árs hvers, í tvennu lagi, og senda þá með fylgiskjölum hlutadeigandi amtmani áleiðis til landshöfðingja með fyrstu póstferð þar á eptir (2. gr. reglugj.). Ef póstur samkvæmt ferðaáætluninni gengur um hjerað reikningshaldara í ofanverðum febrúarmánuði, vona jeg, að hann muni gjöra það, sem í hans valdi stendur, til þess þegar með þeim pósti að senda reikninginn fyrir hið næst undanfarandi ár áleiðis til landshöfðingja.

2. Eins og heimta skal samkvæmt 3. gr. reglugjörðarinnar saman gjöld þau, er reikningshaldara er trúað fyrir, undir eins og gjalddagi þeirra er kominn, og, ef þess þarf við, gjöra ráðstafanir til, að þau verði tekin lögtaki, þannig ber samkvæmt 4. gr. reglu- gjörðarinnar að greiða þau í landssjóð jafnóðum, og þau eru heimt saman, og skal jafn- aðarlega senda þau með fyrstu póstferð eptir að þau eru greidd reikningshaldara. Má því engan veginn fresta að greiða landssjóðnum það, sem innheimt hefir verið, þangað til reikningarnir eru samdir, og er hægt að sjá, að ákvörðun sú, sem er í 6. gr. reglu- gjörðarinnar, um að reikningssemjandi skuli undantekningarlaust standa skil á því, sem eptir stendur af tekjum landssjóðsins, um leið og reikningurinn er sendur, að eins snert- ir gjöld þau, er eigi hafa verið greidd í rjettan gjalddaga samkvæmt 3. gr. reglugjörðar- innar, og reikningssemjandi hefir ekki síðan getað náð inn.

Sem allra fyrst, og ekki síðar en innan 4 vikna eptir rjettan gjalddaga, ber reikn-

**51** 16. maí. ingshaldara að semja skrá fyrir hvern hrepp yfir gjöld þau til landssjóðsins, sem ólokin eru, og skal hann þegar senda amtmanni allar þessar skrár, með beiðni um, að hann riti á þær lögtaksskipun. Undireins og reikningssemjandi hefir fengið skrárnar aptur með þessari áritun, ritar hann á þær, hverjir goldið hafa eptir að skrárnar voru samdar, og skal hann þar eptir tafarlaust senda þær hlutaðeigandi hreppstjórum til meðferðar samkvæmt 2. og 3. gr. opins brjefs frá 2. apríl 1841.

Jeg vona að með þessari aðferð og þegar gjaldheimtendur þar að auki ekki láta neitt sitt eptir liggja til að ná gjöldunum inn með góðu og brýna fyrir gjaldþegnum, að þeir megi eptirleidis ekki eiga von á neinni liðun á gjöldum sínum til landssjóðs, muni verða hægt að sjá um, að öll þau gjöld til landssjóðs, er greiða ber á manntalsþingum eða í fardögum, verði lokin áður en 24 vikur eru af sumri; og ber hverjum reikningshaldara þá að senda beinlínis hingað vottorð um þetta og skilagrein fyrir, hvornig hann hafi greitt af hendi hin borguðu gjöld, og þar að auki, ef þörf gjörist, nákvæma skrá, samda samkvæmt hjálagðri fyrirmynd, um öll þau gjöld, er þá kynnu enn að vera ógreidd, með nákvæmri skýrslu fyrir sjerhvern gjaldþegn um það, sem gjört hefir verið til að ná inn skuldinni.

3. Af því, sem að framan er sagt um, að gjöldin beri að greiða í landssjóð jafnóðum og þau eru heimt saman, leiðir, að senda skal jarðabókarsjóðnum alla þá reiðu peninga, er greiddir eru í gjöld til landssjóðs. Að því leyti að gjöldin þar á móti eru greidd með innskriftum í einhverja verzlun, eða í landaorum, sem reikningshaldari þarf að leggja inn í verzlun, má greiða gjöldin í landssjóð með ávísun handa ráðgjafanum fyrir Ísland til verzlunarhúss í Kaupmannahöfn, sem að almannarómi er áreiðanlegt. Slíkar ávísanir eiga, ef unnt er, að vera stýlaðar til borgunar undir eins og þær eru sýndar («ved Sigt»), og einkum skal í sjerhverri ávísun, sem gjaldheimtumaður tekur við í stað reiðu peninga svo sem upp í toll af vínföngum og tóbaki eða í lestagjald (sbr. brjef landshöfðingja frá 12. novbr. f. á. prentað í Stjórnartíðindum B, 1875, 83), lofað borgun undir eins og hún er sýnd. Aðeins sem undantekning og sjer í lagi, ef ávísunin kemur ekki í stað upphæðar, sem annaðhvort sá, er ritaði hana, hefði sjálfur verið skyldur að greiða í reiðum peningum, ellegar gjaldheimtumaðurinn hefir meðtekið í reiðum peningum, má stýla ávísunina til borgunar «eptir sýningu» («after Sigt»), en þó með svo stuttum fyrirvara, eptir að ávísunin er sýnd, sem unnt er.

Allar þær ávísanir, sem ritaðar eru til að greiða gjöld í landssjóð, ber hlutaðeiganda reikningshaldara eptirleidis að senda landshöfðingja áleiðis til ráðgjafans fyrir Ísland. Skal senda þær í «N.B.»-brjefum, með fyrstu pósthæð, eptir að þær eru ritaðar, og á þeim að fylgja greinileg skýrsla samkvæmt 5. gr. reglugjörðarinnar um gjöld þau, er reikningssemjandi ætlar að greiða með þeim.

Landshöfðinginn yfir Íslandi. Reykjavík 16. maí 1876.

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.

## Skýrsla

um óborguð landsgjöld í

sýslu (umboði) haustið 18

Nöfn og heimili gjaldþegna	Hvaða gjald.	Hvað skuldin er mikil.		Rjettur gjalddagi.	Hvenær lögtaks-skipunar hefir verið beðizt.	Hvenær lögtaks-skipunin er dag-sett.	Hvenær lögtaks-skipunin hefir verið send hreppstj.	Hvenær lögtak hefir farið fram.	Hvenær uppboð á hinum lög-teknu munum hefir verið auglýst.	Hvenær uppboðið hefir fram farið.
		Kr.	Aur.							

**Auglýsing**

um ríkisskuldabryf, er upp má segja.

**52**  
18. maí.

Með því að ýmsir almennir sjóðir og stofnanir hjer á landi eiga talsvert fje inni í ríkissjóðnum samkvæmt skuldabryfum, er upp má segja, og sem goldnir eru af ýmist 4% 3<sup>1</sup>/<sub>2</sub>% eður 3% í árlega vöxtu, skal öllum hlutadeigöndum hjer með bent á, að slík skuldabryf munu, ef þess er farið á leit við fjárhagsstjórn ríkisins, verða borguð úr ríkissjóði með fullri upphæð þeirri, er þau hljóða upp á, og má þá aptur fyrir hana kaupa 4% konungleg skuldabryf með vaxtaklippingum, fyrir hið lægra söluverð, sem vera mun á þeim.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 18. maí 1876.

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.

— *Bryf landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um tóbakstoll.* — Með **53** 23. maí.  
bryfi frá 6. þ. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að samkvæmt tollsedli skipsins Valdemars hafi verið flutt hingað 59 pnd. af tóbaki framyfir það, sem viðtakendur tóbaks þessa vilja kannast við, að þeir hafi meðtekið, og hafið þjer spurt, hvernig þjer í þessu efni skulið haga yður.

Fyrir því skal yður tjáð til þókanlegrar leiðbeiningar, að þar sem vöruskrá sú, eða tollsedill, sem hvert kaupskip á að hafa meðferðis, er samkvæmt 3. gr. laganna frá 11. febr. þ. á. aðalskjalið, sem fara á eptir, þegar spurning er um, hvað mikið tóbakið sje, sem inn er flutt, en skýrsla viðtakendanna aðeins getur gefið vissu fyrir, að eigi hafi verið flutt meira tóbak inn, enn það sem tilgreint er á vöruskránni, og með því að kaupmaður sá, sem inn hefir flutt tóbak það, er hjer ræðir um, mun, þá er tóbakið var flutt frá Danmörku hafa átt kost á að fá lagfært það, sem kynni að hafa verið misritað á tollsedlinum og sem tolluppbot sú, er hann mun hafa fengið við útflutninginn, mun hafa verið reiknuð eptir, verður að greiða toll hjer á landi af hinni sömu upphæð, nema því að eins, að viðtakandi geti sannað, að tóbak það, sem vantar, hafi verið flutt úr skipinu eða glatazt á leiðinni, áður en skipið tók land hjer.